

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárvalla og Rangárvallaafréttar 2002-2014, Haukadalur, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárvalla og Rangárvallaafréttar 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 12 ha landbúnaðarsvæði á Haukadalsmelum í landi Haukadals í Rangárþingi ytra breytist í svæði fyrir frístundabyggð, þar sem gert er ráð fyrir 9 lóðum.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.